



Fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands þriðjudaginn 16. október 2018 kl. 12 haldinn í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík. Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Svanhildur Bogadóttir, Gunnar Gíslason, Kristjana Kristinsdóttir í forföllum Guðmundar Jónssonar og Gunnar Örn Hannesson í forföllum Helgu Jónu Eiríksdóttur. Enn fremur sátu fundinn Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs Þjóðskjalasafns sem ritaði fundargerð og Anna E. Gunnarsdóttir fjármálastjóri Þjóðskjalasafns.

1. Niðurstaða ársreiknings 2017.
2. Staða rekstraráætlunar 1. okt. 2018.
3. Staða starfsáætlunar 1. sept. 2018.
4. Staða verkefnastyrkja til héraðsskjalasafna 1. okt. 2018.
5. Svar ráðuneytis við minnisblaði 7. mars 2018.
6. Tillaga að rekstraráætlun 2019.
7. Framlög til héraðsskjalasafna 2019.
8. Tillaga að starfsáætlun 2019.
9. Tillaga að 3ja ára áætlun 2019–2021.
10. Vinna við heildarstefnumótun 2019–2023.
11. Fréttir af húsnæðismálum.
12. Viðburður í Þjóðskjalasafni í tilefni fullveldisafmælis 1. des.
13. Frágangur fundargerðar.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Niðurstaða ársreiknings 2017.

Anna E. Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Þjóðskjalasafns, gerði grein fyrir niðurstöðu ársreiknings 2017. Afkoma Þjóðskjalasafns Íslands var jákvæð um 6,7 m.kr. á árinu 2017. Heildargjöld ársins að frádregnum sértekjum voru 410,6 m.kr. Samkvæmt fjárlögum ársins var framlag ríkissjóðs til Þjóðskjalasafns Íslands 366,9 m.kr., þar af var framlag til héraðsskjalasafna 30,3 m.kr. Í árslok 2017 var fjárheimildastaðan jákvæð um 6,7 m.kr., er það að hluta til vegna ógreiddra rekstrarstyrkja til héraðsskjalasafna. Að öðru leyti vísast til ársreiknings Þjóðskjalasafns Íslands.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna E. Gunnarsdóttir og Gunnar Örn Hannesson.

2. Staða rekstraráætlunar 1. okt. 2018.

Anna E. Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Þjóðskjalasafns, gerði grein fyrir stöðu rekstraráætlunar miðað við 1. október 2018. Rauntölur janúar til september 2018, eru 2,3% undir áætlun fyrir sama tímabil. Launakostnaður er 6,5% yfir áætlun, en aðrir kostnaðarliðir eru undir áætlun.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna E. Gunnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Anna Agnarsdóttir, Gunnar Gíslason og Svanhildur Bogadóttir.

3. Staða starfsáætlunar 1. sept. 2018.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir stöðu starfsáætlunar ársins 2018 þann 1. september. Alls eru 198 aðgerðir á starfsáætluninni. Þar af er 42 aðgerðum lokið eða lokið að mestu (meira en 70%), 44 aðgerðir ekki hafnar eða hefur verið frestað til næsta árs. Aðrar aðgerðir eru á ólíku róli en vonandi tekst að ljúka miklum hluta þeirra.



Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Gunnar Örn Hannesson, Kristjana Kristinsdóttir, Gunnar Gíslason og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

4. Staða verkefnastyrkja til héraðsskjalasafna 1. okt.

Þjóðskjalavörður greindi frá stöðu verkefnastyrkja til héraðsskjalasafna og vísaði til fylgiskjals 4. Skilyrði fyrir lokagreiðslu styrks (20% upphæðar) er að styrkþegi hafi skilað lokaskýrslu sem hefur verið samþykkt. Nokkur dæmi eru um að lokaskýrslur hafi ekki borist og því safnast upp eftirstöðvar. Eftirstöðvar frá árinu 2016 160.000 kr., frá árinu 2017 1.350.000 kr. og ógreitt á þessu ári eru alls 1. október kr. 4.680.000. Alls 6.190.000 kr. Breyta þarf reglum þannig að ekki safnist upp með þessum hætti, ár eftir ár.

Þá lagði þjóðskjalavörður fram yfirlit yfir umsóknir héraðsskjalasafna um skönnunarstyrki og afgreiðslur þeirra og er vísað til fylgiskjals 4-2. Alls bárust 18 umsóknir að upphæð 32.185.880 kr. Til úthlutunar var 16.200.000 kr. Alls fengu 9 héraðsskjalasöfn styrki í 14 umsóknum.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna E. Gunnarsdóttir, Gunnar Gíslason, Gunnar Örn Hannesson, Anna Agnarsdóttir, Kristjana Kristinsdóttir, Svanhildur Bogadóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

5. Svar ráðuneytis við minnisblaði 7. mars 2018.

Þjóðskjalavörður greindi frá svari mennta- og menningarmálaráðuneytis frá 23. maí sl. við minnisblaði hans frá 7. mars sl. Það minnisblað var kynnt á síðasta stjórnarnefndarfundi 21. mars sl. Í svari ráðuneytisins er fallist á beiðni þjóðskjalavardar um að safnið fái 12,5 m.kr. til að kaupa og setja upp fleiri þéttiskápa í hús 4. Þannig eykst hillupláss um 798 hillumetra og frestar viðtökuvandanum. Þá kemur fram í svari ráðuneytisins að það hafi ákveðið að fela skrifstofu stefnumótunar og fjárlagagerðar að hefja, í samráði við ÞÍ, vinnu við framkvæmda- og viðhaldsáætlun Þjóðskjalasafns Íslands 2017-2024 (sjá lið um húsnæðismál).

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Gunnar Örn Hannesson og Kristjana Kristinsdóttir.

6. Tillaga að rekstraráætlun 2019.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir þeim fjárveitingum sem ÞÍ eru ætlaðar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2019. Í útsendum gögnum var byggt á röngum tölum og leiðréttist það hér með nýjum fylgiskjöllum. Frumvarpið áætlað framlag úr ríkissjóði 363,7 m.kr., auk 31,5 m.kr. til héraðsskjalasafna. Alls fær safnið samkvæmt þessu 395,2 m.kr. Fjárheimildir fyrir árið 2019 hækka því um 13,9 m.kr eða 3,6% miðað við árið 2018. Safninu eru nú ætlað að afla 61,2 m.kr. í sértekjur í stað 42,2 m.kr. í ár. Gæti reynst erfitt að uppfylla þær kröfur að mati þjóðskjalavardar.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Gunnar Örn Hannesson, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Gunnar Gíslason.

7. Framlög til héraðsskjalasafna 2019.

Þjóðskjalavörður greindi frá að í frumvarpi til fjárlaga er nú í fyrsta skipti ekki greint frá því hvað héraðsskjalasöfnum er ætlað að fá í framlög frá ríkinu. Þau framlög eru ósundurgreind á safnlið og eru samkvæmt upplýsingum frá ráðuneyti á að reikna með 31,5 m.kr. eins og þegar er fram komið. Tillaga að skiptingu er nú sú að rekstrarstyrkir nemi 15,3 m.kr. og skönnunarstyrkir verði 16,2 m.kr.



Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Svanhildur Bogadóttir, Kristjana Kristinsdóttir, Gunnar Gíslason, Anna E. Gunnarsdóttir, Anna Agnarsdóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

8. Tillaga að starfsáætlun 2019.

Þjóðskjalavörður kynnti starfsáætlun Þjóðskjalasafns fyrir árið 2019, sem byggir á stefnumótun safnsins. Hún er í sama dúr og áætlun þessa árs. Viðfangsefnum sem ekki tekst að klára í ár verður framhaldið á því næsta. Aðgerðum er aðeins fækkað, eru hér 166 í stað 198 í ár. Áætlun þessi mun taka breytingum miðað við stöðu ársáætlunar 2018 um áramótin næstu. Hún verður aftur lögð fyrir stjórnarnefnd á næsta ári.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Svanhildur Bogadóttir og Kristjana Kristinsdóttir.

9. Tillaga að 3ja ára áætlun 2019-2021.

Þjóðskjalavörður kynnti tillögu að þriggja ára stefnu Þjóðskjalasafns fyrir tímabilið 2019-2021. Þetta er í þriðja skiptið sem þriggja ára áætlun er lögð fram. Mörg málefni sem eru í stefnu Þjóðskjalasafns koma ekki fram í þessari áætlun sem byggir á skapalóni frá ráðuneytinu.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Svanhildur Bogadóttir, Anna Agnarsdóttir og Gunnar Örn Hannesson.

10. Vinna við heildarstefnumótun 2019-2023.

Þjóðskjalavörður greindi frá því að stefnumótun Þjóðskjalasafns fyrir árin 2014 - 2018 væri að renna út. Til stóð að endurskoða hana reglulega en það hefur ekki tekist. Mikilvægt er að ljúka endurskoðun stefnu á þessu ári. Unnið er á grundvelli fyrri stefnu og markmiðið að nýta hana efnislega og til framsetningar en fremur má tala um uppfærslu á fyrri stefnu.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

11. Fréttir af húsnæðismálum.

Þjóðskjalavörður greindi frá því að lítil tíðindi væru af húsnæðismálum. Ekki hefur tekist að fá fund með ráðuneytinu til að fá svör um húsnæðismál safnsins. Ekki liggur fyrir hvort halda á áfram með hús 5 eða hvort framkvæmd verði frestað. Óútskýrðar tafir eru á málinu.

Til máls tók Eiríkur G. Guðmundsson.

12. Viðburður í Þjóðskjalasafni í tilefni fullveldisafmælis 1. des.

Þjóðskjalavörður gerði grein fyrir að þann 1. desember 2018 eru skipulagðir margir viðburðir tengdir fullveldisafmælinu. Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með hluta þessara dagskrárliða og tekur suma þeirra inn sína dagskrá sem einkum eru tengdir komu erlendra gesta.

Þann 1. desember (e.t.v. 30. nóvember) verður hátíðarviðburður í Þjóðskjalasafni í tilefni af fullveldisafmæli þjóðarinnar. Nýr heimildavefur safnsins, Heimildir.is, verður opnaður. Þúsundir skjalabóka og korta, mörg hundruð þúsund stafrænar myndir skjala, verða aðgengileg á einum stað. Jafnframt verða tveir hillumetrar af skjölum (þúsundir skjala) í danska ríkisskjalasafninu gerðar aðgengileg við þetta tækifæri. Sú birting er gjöf Ríkisskjalasafns Danmerkur til ÞÍ í tilefni af fullveldisafmælinu. Stutt afhöfn verður í ÞÍ.



Auk þessa minntist Þjóðskjalasafn 100 ára fullveldisafmælis með dagskrá í safninu á Safnanótt í febrúar sl. Í maí kom út bæklingurinn Danska sendingin 1928 með sýnishornum skjala úr Dönsku sendingunni 1928 með skýringum á íslensku og dönsku. Eitt viðamesta verkefni safnsins vegna fullveldisafmælis er þátttaka í samsýningunni Lífsblómið í Listasafni Íslands, með Stofnun Árna Magnúsonar og Listasafni Íslands. Sýningin var opnuð 18. júlí og stendur fram í miðjan desember.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Gunnar Örn Hannesson, Anna Agnarsdóttir og Kristjana Kristinsdóttir.

13. Frágangur fundargerðar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:20.